

# Ísótóparannsókn af kalkkirtlum

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi kalkkirtla. Rannsóknin er gerð í tvennu lagi, fyrri tíminn er um 20 mínútur og seinni tíminn um 50 mínútur. Gera þarf ráð fyrir að 60 mínútur líði á milli tíma. Rannsóknin tekur því alls um þrjár klukkustundir.

## Undirbúningur

- Enginn undirbúningur er fyrir þessa rannsókn.
- Ef þú hefur farið í röntgenrannsókn þar sem gefið var skuggaefni síðastliðna tvo mánuði þarf að láta starfsfólk ísótópastofu vita af því, því það getur mögulega haft áhrif á rannsóknina.
- Ráðlagt er að skilja skartgripir eftir heima.



Best er að nota inngang Eiríksgötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

## Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.
- Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbeck á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.

### Rannsóknin:

- Gefinn ísótópur í æð.
- Fyrri hluti myndatöku tekur um 20 mínútur.
- Biðtími í 60 mínútur. Drekka þarf vel á meðan (um 500 ml).
- Seinni hluti myndatöku tekur um 50 mínútur.

## Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, [isotop@landspitali.is](mailto:isotop@landspitali.is)